

störf varnaraðilja óvenjulega fyrirhafnarsöm og tímafrek. Telur stjórnin því ekki andstætt gjaldskrá LMFÍ að reikna þóknun fyrir lögmannsstörfin á þann veg, er varnaraðili hefur gert. Hins vegar þykir rétt með hliðsjón af óvenjulegri stærð búsins að lækka fjárhæð þessa um $\frac{1}{2}$ hluta, eða um kr. 76.177.00. Samkvæmt því reiknast þessi liður kr. 304.712.00.

Vegna fjarveru tveggja stjórnarmanna, er þurftu að fara til útlanda, og anna einstakra stjórnarmanna hefur ekki unnizt tími til að kveða upp úrskurð þenna fyrr.

Ályktarorð:

Þóknun varnaraðilja, Magnúsar hrl. Thorlacius, fyrir ofangreind lögmannsstörf ákveðst þannig:

Samkvæmt tölulið 1 kr. 69.750.00 + kr. 107.625.00, samkvæmt tölulið 2 kr. 20.000.00 og samkvæmt tölulið 3 kr. 304.712.00.

Miðvikudaginn 31. janúar 1962.

Nr. 111/1961. Samband íslenskra samvinnufélaga

og

Olíufélagið h/f

(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

gegn

Agnari Bogasyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1961 og gert þessar dómkröfur:

1. Að ummæli þau, sem í héraðsstefnu greinir, verði ómerkt.
2. Að stefnda verði fyrir nefnd ummæli dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa.

3. Að stefnda verði dæmt skylt að birta dóm Hæstaréttar í máli þessu ásamt forsendum héraðsdóms í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, er út kemur eftir birtingu dóms þessa fyrir stefnda.
4. Að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Er mál þetta var þingfest í Hæstarétti í septembermánuði 1961, var þing sótt af hálfu stefnda og málinu frestað til nóvembermánaðar s. á. En er málið var þá tekið fyrir, kom enginn fyrir dóm af hendi stefnda. Hefur málið því verið flutt skriflega, sbr. 1. tl. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Ummæli þau, sem mál þetta er risið af og greind eru í héraðsdómi, birtust í Mánudagsblaðinu hinn 31. október 1960. Höfundur ummælanna var eigi nafngreindur, og ber stefndi, sem er ritstjóri blaðsins, því ábyrgð á þeim, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Telja verður ótvírætt, að í hinum umstefndu ummælum sé átt við skip áfrýjenda Hamrafell. Samkvæmt skýrslu áfrýjenda, sem lögð var fram í héraði, var váttryggingarfjárhæð þess skips hinn 21. september 1960 lækkuð úr \$ 4.200.000.00 í \$ 3.000.000.00, en sú fjárhæð svarar samkvæmt þáverandi gengi til um kr. 114.000.000.00.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti forsendum hins áfrýjanda dóms ber að refsast stefnda eftir 235. gr. laga nr. 19/1940. Með tilliti til fyrri brota stefnda gegn meiðyrðalöggjöfinni ber við ákvörðun refsingar hans að hafa hliðsjón af 72. gr. sömu laga, og þykir hún hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu staðfestast.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 er stefnda skylt að birta forsendur héraðsdóms og svo forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar í málinu, og skal birting fara fram í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 5000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Agnar Bogason, greiði 10.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 30 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla eiga að vera óröskuð.

Stefnda er skylt að birta forsendur héraðsdóms og forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar í 1. eða 2. tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Stefndi greiði áfrýjendum, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Oliufélaginu h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hafa Jakob Frímannsson, Þingvallastræti 2, Akureyri, f. h. Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Helgi Þorsteinsson, Skaftahlíð 30, Reykjavík, f. h. Oliufélagsins h.f. höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. nóvember 1960, gegn Agnari Bogasyni ritstjóra, Tjarnargötu 39 í Reykjavík, vegna ummæla, sem birtust í Mánudagsblaðinu 31. október 1960 undir mynd af karli í kassa.

Ummælin, sem stefnt er út af, eru þessi: „Er það satt, að hinn illræmði olíudallur SÍS hafi nú verið tryggður fyrir 280 milljónir — og forsprakkarnir séu farnir að vona — — —?“

Stefnendur, sem telja stefnda bera ábyrgð á greindum ummælum, hafa gert eftirfarandi dómkröfur:

1. Að hin tilteknu ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga.
2. Að stefndur verði fyrir ummælin dæmdur til þingstu refs-

ingar, sem lög leyfa samkvæmt 234. gr., 236. gr. eða til vara 235. gr. almennra hegningarlaga 19/1940.

3. Að stefndur verði með dómi skyldaður til þess að birta í Mánudagsblaðinu, að viðlögðum dagsektum, greinargerð um úrslit málsins, sbr. 11. gr. tilskipunar 9. maí 1855.
4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefnendur telja, að með ofangreindri klausu sé átt við m/s Hamrafell og að í henni sé ótvírætt gefið í skyn, þótt í spurnarformi sé, að váttryggingarfjárhæð m/s Hamrafells hafi í sviksamlegum tilgangi verið hækkuð og að fyrirsvarsmenn skips-eigendanna geri sér vonir um, að skipið farist.

Eigendur m/s Hamrafells, stefnendur máls þessa, telja aðdróttun þessa, sem sé algjörlega tilhæfulaus, mjög móðgandi fyrir sig. Krefjast þeir þess, að við ákvörðun refsingar til handa stefndum verði tekið tillit til fyrri brota hans og að með tilliti til þeirra beri að ákveða stefnda mjög aukna refsingu, sbr. 5. tl. 70. gr. og 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda sé ljóst, að refsingar þær, sem stefndum hafa verið gerðar á undanfórnum árum, hafi ekki náð þeim tilgangi sínum að koma í veg fyrir ný brot.

Stefndi hefur krafizt þess, að öllum kröfum stefnenda verði hrundið og að þeim verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að ummælin, eins og þau birtust, séu ekki til þess fallin að lítillækka eða sverta stefnendur málsins eða forráðamenn þeirra í augum almennings. Því hefur verið mótmælt, að með þeim væri gefið í skyn, að von forráðamanna stefnenda væri sú, að skipið farist. Það sé ekkert minnst á, hver von þeirra er. Í samræmi við þetta telur stefndi, að það beri að sýkna sig af kröfum stefnenda.

Fallast má á það með stefnendum, að í ummælunum, sem stefnt er vegna, felist ærumeiðandi aðdróttun í garð fyrirsvarsmanna stefnenda. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin 1800.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Þá þykir bera að ómerkja ummælin samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Enn fremur þykir bera samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 að dæma stefnda skylt að birta forsendur og niðurstöður dómsins í fyrsta eða

öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, en með hliðsjón af síðustu málgrein fyrrgreinds lagaákvæðis verða dagsektir ekki dæmdar.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Grétar Haraldsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Agnar Bogason, greiði 1800 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 10 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefnda er skylt að birta forsendur og niðurstöður dómsins í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, er út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber stefnda að greiða stefnendum kr. 2.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1962.

Nr. 1/1962. **Hersteinn Pálsson og
Blaðaútgáfan Vísir h/f**
gegn
Birni Snæbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Matsbeiðni.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 6. september 1961, óskaði umboðsmaður stefnanda í bæjarþingsmálinu nr. 255/1960: Björn Snæbjörnsson gegn Hersteini Pálssyni og til réttargæzlu gegn Blaðaútgáfunni Vísir h/f, sem þá var rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þess, að borgardómarinn í Reykjavík útnefndi „tvo óvilhalla og hæfa menn til að meta til verðs hluta-